

Ed.

247. Nefndarálit

[142. mál]

um frv. til laga um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Frumvarp þetta er flutt til efnda á fyrirheiti, er ríkisstjórnin gaf í sambandi við lausn kjaradeilunnar, er lauk 19. maí s. l. Þess efnis, að ríkisstjórnin beitti sér fyrir greiðslu lífeyris til aldraðra félagsmanna í stéttarfélögum innan Alþýðusambands Íslands. Samkvæmt frumvarpinu skal inna þessar sérs'öku lífeyrisgreiðslur af hendi á tímabilinu frá 1. jan. 1970 til 1. jan. 1985. Fjármagn til þessara greiðslna skal ríkissjóður leggja fram að $\frac{1}{4}$ hluta, en atvinnuleysistryggingasjóður að $\frac{3}{4}$ hlutum.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt, en einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að flvtja breytingartillögur við frumvarpið eða styðja slíkar breytingartillögur, er fram kynnu að koma.

Alþingi, 20. jan. 1970.

Jón Þorsteinsson,
form., frsm.

Steinþór Gestsson.

Auður Auðuns,
fundaskr.

Björn Jónsson.

Axel Jónsson.

Björn Fr. Björnsson.

Ásgeir Bjarnason.